

## REGLUR

### um vistun fanga á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni.

1. gr.

Heimilt er að hafa fangelsi deildaskipt, skv. 18. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Öryggisdeild er í húsi 1, deild A, í Fangelsinu Litla-Hrauni.

2. gr.

Á öryggisdeild er unnt að vista fanga sem gerst hafa sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar.

3. gr.

Forstöðumaður fangelsisins tekur ákvörðun um að vista skuli fanga á öryggisdeild, sbr. 5. mgr. 21. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega og bóka. Vistun á öryggisdeild má ákvarða í allt að 3 mánuði í senn.

4. gr.

Stundi fangi, sem vistaður er á öryggisdeild, vinnu eða nám skal sú starfsemi að jafnaði fara fram þar.

5. gr.

Um heimsóknir til fanga sem vistaðir eru á öryggisdeild gilda ákvæði 45.– 48. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, reglugerð um fullnustu refsinga og verklagsreglur Fangelsismálastofnunar um heimsóknir í fangelsi.

6. gr.

Um símtöl fanga sem vistaðir eru á öryggisdeild gildir 49. gr. laga um fullnustu refsinga.

7. gr.

Fangi sem vistaður er á öryggisdeild á rétt á útiveru og að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa í að minnsta kosti eina og hálf klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi. Útivera og tómstundir fanga á öryggisdeild skulu að jafnaði fara fram á öðrum tíma en útivera og tómstundir annarra fanga.

8. gr.

Forstöðumaður getur leyft fanga sem vistaður er á öryggisdeild að hafa í klefa sínum sjónvarps-tæki, útvarpstæki og leikjatölvu án nettengingar. Forstöðumaður getur heimilað fanga á öryggisdeild að hafa aðgang að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými deildarinnar.

9. gr.

Forstöðumaður getur ákveðið að klefar fanga sem vistast á öryggisdeild séu ekki opnir á sama tíma ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis í fangelsinu.

10. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 98. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016. Öðlast þær þegar gildi.

Nr. 1172

1. október 2021

Jafnframt falla úr gildi reglur um vistun fanga á öryggisdeild Fangelsisins Litla-Hrauni, nr. 946/2016.

*Fangelsismálastofnun ríkisins, 1. október 2021.*

**Páll E. Winkel.**

---

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2021